



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Akademískur orðaforði og bókmenntir
<b>Námsgrein:</b>	Enska
<b>Viðfangsefni:</b>	Akademískur orðaforði á ensku og klassískar bókmenntir
<b>Skammstöfun:</b>	ENSK2AO05
<b>Prep:</b>	2
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	Markmið áfangans er að efla menningarvitund nemenda með því að þjálfra þá í að tjá sig um eigin samfélag og menningarheim á ensku. Lesin eru klassísk bókmenntaverk á enskri tungu og nemendur þjálfðir í að rýna í bókmenntatexta og ræða umfjöllunarefni verkanna út frá eigin reynslu og skilningi. Einnig er það markmið áfangans að nemendur bæti markvisst við orðaforða sinn, með áherslu á akademískan orðaforða og öðlist þar að auki dýpri skilning á flóknari málfræði enskrar tungu. Farið er yfir grundvallaratriði í ritun texta af ýmsum toga og nemendur æfa sig í nýtingu þeirra með hliðsjón af orðaforðanum sem farið er yfir í áfanganum.
<b>Forkröfur:</b>	ENSK2OM05
<b>Þekkingarviðmið:</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforða sem tengist eigin samfélagi og menningu og þeim menningarheimum þar sem enska er töluð</li><li>• Flóknari málfræði enskrar tungu</li><li>• Uppbyggingu mismunandi texta s.s. blaðagreina, fræðigreina, bókmenntatexta o.fl.</li><li>• Þekkingu sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám</li><li>• Orðaforða til að geta tjáð sig á erlendum tungumálum í tengslum við sérþekkingu eftir því sem hún krefst þess</li></ul>



<b>Leikniviðmið:</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• tjá sig um sitt eigið umhverfi og menningu á ensku</li><li>• beita flóknari málfræðireglum í ræðu og riti</li><li>• túlka með eigin orðum á ensku efni frá mismunandi miðlum</li><li>• tjá sig í ræðu og riti um margvísleg mál frá eigin brjósti</li><li>• skrifa margskonar texta s.s. greinagerðir, ritgerðir, úrdrætti, dagbókafærslur, bloggfærslur o.fl., þar sem ritreglur eru virtar</li><li>• tjá sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um sérhæfða þekkingu sína</li><li>• sýna frumkvæði og sjálfstæði í grunnvinnubrögðum</li><li>• taka þátt í samræðum um viðfangsefni áfangans og hugðarefni sín</li></ul>
<b>Hæfniviðmið:</b>	<b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• tjá sig í ræðu og riti um viðfangsefni sem tengjast eigin sögu og menningu</li><li>• beita málfræðiþekkingu áfangans bæði munnlega og skriflega</li><li>• gera sér grein fyrir skoðun og afstöðu höfunda margvíslegra texta og geta tjáð sig um hana bæði munnlega og skriflega</li><li>• lesa milli línanna og átta sig á dýpri merkingu í texta</li><li>• taka þátt í skoðanaskiptum á ensku og geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi</li><li>• færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrökum, bæði í ræðu og riti</li><li>• túlka og endursegja fjölbreytta íslenska texta á ensku</li><li>• tengja þekkingu sína og leikni við það umhverfi og menningarheim sem hann býr við</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.